



Gíga Þórðardóttir og Arnar Ólafsson sigruðu í tuttugu kílómetra göngu í Strandagöngunni í Selárdal á laugardaginn. Að sögn Ragnars Kristins Ólafssonar, stjórnarmanns í Skíðafélagi Strandamanna, var gangan sú langstærsta hingað til, 231 þátttakandi, og keppt í ýmsum vegalengdum og aldursflokkum. „Þetta var örugglega stærsti íþróttaviðburður nokkru sinni hér á Ströndum“, segir Ragnar, sem sjálfur hefur tekið þátt í öllum tuttugu og sex Strandagöngunum. Gangan er ein af sjö göngum í mótaröðinni Íslandsgöngunni. MYND/JÓN HALLDÓRSSON

Ekki að missa tökin á veirunni

Sóttvarnalæknir telur beitingu sóttkvía hafa skilað góðum árangri við að hægja á útbreiðslu kórónaveirunnar. Í gærkvöldi höfðu 58 verið greindir með smit hérlandis, þar af tíu sem smituðust hér innanlands.

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir engin merki um að Íslendingar séu að missa tökin á að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar.

Fjöldi þeirra sem smitaðir eru hér á landi af kórónaveirunni var um mitt kvöld í gær kominn í 58. Af þeim höfðu tíu smitast innanlands, allir eftir samskipti við fólk sem komið hefur nýlega til landsins frá skíðasvæðum á Ítalíu og Austurríki.

Þórólfur Guðnason neitar því að sú aðferð að beita sóttkví sé að missa marks. Í gærkvöldi voru 461 sagðir vera í sóttkví.

„Það hafa greinst þessi tíu smit

» **Almannavarnir eru enn á svokölluðu neyðarstigi en ekki hefur enn verið gripið til þess að banna samkomur eins og sagt hefur verið koma til greina til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar.**

innanlands og ég held að við höfum stoppað frekara smit þannig að við náum að loka á þetta. En auðvitað verða alltaf einhver gót og einhverjir sem sleppa í gegn, vafalaust. En að minnsta kosti erum við þó búin að



Þórólfur Guðnason

ná þessu og erum að vonast til að það hægi á verulega þessu,“ segir Þórólfur.

Almannavarnir eru enn á neyðarstigi en ekki hefur enn verið gripið til þess að banna samkomur eins og sagt hefur verið koma til greina.

Sóttvarnalæknir segir engan hinna smituðu alvarlega veikan.

Áfram er mælt til þess að fólk sem kemur frá Ítalíu eða skíðasvæðum í Austurríki fari í sóttkví.

„Við erum að treysta á fólk að fara eftir þessu, við höfum ekki mannafla til að fylgja hverjum og einum eftir nákvæmlega,“ segir Þórólfur. Engin merki séu um smit út frá þeim sem smitast hafa hér innanlands. „En það er langur meðgöngutími þannig að maður veit svo sem ekki hvað á eftir að gerast.“

Íslenskir ferðalangar sem verið hafa í sóttkví á hóteli á Tenerife koma heima núna í vikunni eftir að hafa setið af sér tveggja vikna sóttkví þar. – gar / sjá síðu 4

Sextán þúsund á leið í verkfall

KJARAMÁL Samninganefndir sextán aðildarfélaganna BSRB sátu enn hjá Ríkissáttasemjara og reyndu að ná samningi er Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Hafi ekki náðst að semja eru nær sextán þúsund manns nú í verkfalli sem hefjast átti um miðnætti.

Viðsemjendur félaganna eru ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Var mislangt í land hjá félagunum í gærkvöldi. Í ljósi stöðunnar vegna kórónaveirunnar hafa verið veittar undanþágur frá verkföllum fyrir starfsfólk á Landspítalanum, innan BSRB.

Mismunandi er milli félaga hversu lengi verkföllin vara. Til dæmis áttu sumir að hefja tveggja daga verkfall á miðnætti en aðrir að fara í ótímabundið verkfall. – gar

Úrlausn hjá Nova!

Skildu símann eftir heima!




Hringdu án símans



Streymdu tónlist




Hafðu auga með heilsunni



Nýtt!
eSIM

Stærsti skemmtistaður
í heimi!
NOVA

Veður



Norðaustan 8-15 m/s, en lægir eftir hádegi. Dálítill el um landið norðan- og austanvert, en létt-skýjað sunnan heiða. Frost 0 til 5 stig, en kólnar í kvöld. Austan 8-15 á morgun. **SJÁ SÍÐU 14**

Viðræður Eflingar og borgarinnar

KJARAMÁL Fundað hefur verið undanfarna daga í vinnudeilu Eflingar við Reykjavíkurborg en verkfall um 1.850 félagsmanna Eflingar hefur nú staðið frá 17. febrúar.

Verkfallið hafur valdið röskun á starfsemi leikskóla borgarinnar og sorphirðu svo dæmi séu tekin. Áfram var fundað í gær en þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu viðræður ekki skilað niðurstöðu. Í fjölmiðlum í gær kom fram að alvara væri í viðræðunum. Ekki náðist í Sólveigu Önnu Jónsdóttur formann Eflingar né Viðar Þrosteinsson framkvæmdastjóra í gærkvöld.

-jþ

Á hvítfextum öldum



Brimbrettamenn létu ekki kuldann í gær fæla sig frá að leika listir sínar í sjónum undan Gróttu á Seltjarnarnesi. Vöktu þeir mikla athygli þeirra sem í landi voru. Stundum féllu brimbrettakapparnir og hurfu úr auglýsni en risu óðar upp aftur og héldu leiknum ótrauðir áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Kampakátir íbúar við rafhleðslustöðina á Fornhaga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rafhleðslustöð á Fornhaga

ORKUMÁL Íbúar Fornhaga 11 til 17 vígðu á föstudag nýja hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við fjölbýlishúsið.

„Við höfum verið að vinna að ýmsu varðandi vistvænni lífnáðarhætti og þetta er liður í því,“ segir Sólrun Harðardóttir, sem sæti á í umhverfisnefnd húsfélagsins.

Aðspurð segir Sólrun að enginn í húsinu eigi enn sem komið er raf-

magnsbíl, en þar eru 31 íbúð. „En ég veit að það mun ekki líða á löngu þar til fyrsti bíllinn kemur, því það er ein fjölskylda sem ætlar að kaupa bíl á næstunni,“ segir hún.

Hleðslustöðin kostaði alls um 3,4 milljónir en Reykjavíkurborg og Orkuveitan veittu húsfélaginu eina og hálf milljón króna í styrk til að koma henni upp.

-gar

Kvíðir ekki niðurstöðu myntrannsóknarinnar

Þrátt fyrir að Wei Li sé kominn til síns heima í Kína er enn engin niðurstaða fengin varðandi andvirði fjögur hundruð þúsunda í mynt sem hann lagði inn í Arion banka og fékk kvittanir fyrir. Bankinn lætur nú rannsaka myntina.

SAMFÉLAG Kínverski myntsölumaðurinn Wei Li kveðst ekki kvíða rannsókn Arion banka á mynt sem hann skildi eftir í útibúi bankans á Smáratorgi. „Þeir geta varla neitað að skipta þessu fyrir mig þegar í ljós kemur að þetta er ekta,“ segir Li kokhraustur.

Li er kominn til síns heima í borginni Shenzhen í Kína, sem er í grennd við Hong Kong. Hann segist ánægður með Íslandsferð sína, en þó hafi verið gott að koma heim. „Ég ver núna miklum tíma með dóttur minni. Tengdamóðir mín er föst í sóttkví vegna kórónaveirunnar í Hubei-héraði, en hún hefur hjálpað okkur mikið varðandi þösson og annað,“ segir Li.

Eins og frægt er orðið fór Li í útibúi Arion banka á Smáratorgi meðan á Íslandsvöl hans stóð og sturtaði þar tæplega 400 þúsund krónum af illa farinni, íslenskrí mynt í mynttalningarvélina. Hann var loks stöðvaður, en ekki fyrr en hann hafði fengið kvittanir úr vélinni fyrir móttöku myntarinnar. Arion banki neitaði að endingu að skipta myntinni yfir í seðla fyrir Li og freistaði þess að afhenda honum myntina til baka. Hinn kínverski Li neitaði þá að taka við myntinni, enda gæti hann ekki vitað hvort þetta væri nákvæmlega myntin hans.

Þegar heim til Kína var komið ákvað Li að senda kínverskan vin sinn, sem hann kynntist hér á landi, í Arion banka til þess að ná í myntina sem bankinn neitaði að taka við. „Ég skyldi kvittanirnar fyrir myntinni eftir hjá honum. Þegar hann fór í bankann var honum tjáð að bankinn gæti ekki afhent honum alla upphæðina,“ sagði Li og sagðist



Wei Li bíður rólegur eftir niðurstöðu myntrannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

● ● Þeir geta varla neitað að skipta þessu fyrir mig þegar í ljós kemur að þetta er ekta.

Wei Li, myntsölumaður

hafa orðið undrandi yfir tíðindunum.

Í kjölfarið hafi hann fengið upplýsingar um að Arion banki hefði sent hluta af myntinni í rannsókn, til þess að komast að því hvort hún væri fölsuð eða ekki, eins og Fréttablaðið greindi frá. „Ég hef ekkert að fela í þessu máli og bið bara rólegur eftir niðurstöðunni,“ segir Li.

Í svari frá Arion banka kemur fram að ekki liggi fyrir hvenær er á niðurstöðu greiningarinnar. Þá hafi fjöldi mynta sem sendur var utan verið óverulegur.

bjornth@frettabladid.is

AFMÆLISTILBOÐ Í MARS

FISKRÉTTUR

DAGSINS 1790 KR.KG



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1 • Sími 595 2800



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

Nýr Yaris

FÁÐU FORSMEKKINN



AÐEINS NOKKRA DAGA – AÐEINS Í KAUPÚNI!



UMHVERFISVERÐLAUN AÞVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Til sýnis í Kaupúni næstu daga – opið kl. 7:45–18:00

Nýr Yaris gerir stutt stopp í Kaupúni á sýningarferð sinni um heiminn. Sjáðu glæsilegasta Yaris sem um getur – nýja kynslóð þessa óskoraða leiðtoga í sínum flokki. Fáðu forsmekkin að því sem koma skal á www.toyota.is/yaris



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070



Cannes-för borgarstjórnans frestað er fasteignaráðstefnu var aflýst

REYKJAVÍK Fasteignapróunaráðstefnan MIPIM er ein sú stærsta sinnar tegundar í veröldinni. Hún fer fram í sólarparadisinni Cannes í Frakklandi og sækja um 25 þúsund manns hátíðina.

Fjöl margar borgir vekja þar athygli á áhugaverðum fasteignaverkefnum hjá sér. Hefur Reykjavíkurborg horft hýru auga til þátttöku.

Af þátttöku hefur þó ekki orðið enn. Árið 2014 þátttaka undirbúin, en þá var kostnaður við að koma upp spennandi kynningarbas met-

inn um 40 milljónir króna. Starfsmenn borgarinnar hafa þó sótt ráðstefnuna heim undanfarið ár, en Reykjavíkurborg hefur átt aðild að viðskiptahorni undir merkjum Íslandsstofu. Í fyrra var kostnaður við þá þátttöku um 300 þúsund krónur.

Í ár fékk Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, boð um að halda opunarerindi á ráðstefnu um loftslagsmál í Suður-Frakklandi nú í mars og lá fyrir að borgaryfirvöld Marseille-borgar myndu greiða fyrir ferða-



Dagur B. Eggertsson fer ekki til Cannes. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

og gistikostnað. Skipuleggjendur MIPIM höfðu veður af þessu og buðu í kjölfarið Degi að taka þátt í hringborðsumræðum borgarstjóra á Norðurlöndum, sem og að halda fjögur önnur erindi á ráðstefnunni.

Þessu boði fylgdi aðgangur á MIPIM. Í svari frá Pétri Krogh Ólafssyni, aðstoðarmanni borgarstjóra, kemur fram að af þeim sökum hafi kostnaður Reykjavíkurborgar við hina fyrirhuguðu þátttöku verið óverulegur. Kappkostnað er að halda kostnaði í hófi, svo sem

með því að gista í Nice frekar en á sjálfu ráðstefnusvæðinu í Cannes. Auk Dags og Péturs var ráðgert að Óli Örn Eiríksson, sem starfar við fjárfestingar og fasteignapróun innan borgarinnar, myndi taka þátt.

Nú hefur hins vegar báðum viðburðunum verið aflýst, MIPIM og áður nefndri loftslagsráðstefnu, en það var gert vegna héraðskosninga í Marseille. Engin ákvörðun hefur verið tekin um þátttöku á MIPIM í sumar. – bp



Velta í gistinguþjónustu minnkar mest.

Velta erlendra korta minnkar

VIÐSKIPTI Samdráttur varð í kortaveltu erlendra ferðamanna í janúar síðastliðnum í samanburði við janúarmánuð í fyrra.

Nemur munurinn tæplega níu hundruð milljónum króna á breytilegu verðlagi. Þetta kemur fram á vef Rannsóknaseturs verslunarinnar.

6%

Samdráttur varð í kortaveltu erlendra ferðamanna í janúarmánuði í ár frá því í fyrra.

Hlutfallslega er um rúmlega sex prósentu samdráttur að ræða. Sé lítið á einstaka þætti munar mestu um samdrátt í gistinguþjónustu sem nam tæplega 340 milljónum. Velta þess þáttar nam 3,2 milljörðum í mánuðinum og dróst saman um tæplega tíu prósent.

Þá nam erlend kortavelta í veitingasölu einum og hálfum milljarði króna í janúar, sem er 6,5 % minni en var í sama mánuði í fyrra. – jþ

LEIÐRÉTTING

Í laugardagsblaði Fréttablaðsins var ranghermt á bls. 44 að Kristján IX. konungur Danmerkur og Íslands á þeim tíma, hafi ekki átt börn. Það er ekki rétt, hann átti sex börn. Beðist er velvirðingar á þessu ranghermi.

Smituðum fjölgar dag frá degi

Fimm starfsmenn gjörgæsludeildar hafa greinst með smit og fimm aðrir eru í sóttkví. Ekki er talið að smit hafi borist í sjúklinga. Guðni Th. Jóhannesson forseti segir brýnt að hleypa ekki óttanum að.

COVID-19 Áfram greindust ný smit af völdum kórónaveirunnar í gær. Voru þau í gærkvöldi orðin 58 talsins. Þá greindist smit hjá fimm starfsmönnum á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi og eru fimm starfsmenn þaðan til viðbótar í sóttkví. Fram kom á blaðamannafundi Almannafróðunar um miðjan gærdeg að um sé að ræða tvo einstaklinga sem smituðust í skíðaferð.

„Annar þeirra kom á eina vakt og þar hafa sennilega orðið til þrjú smit,“ sagði Alma Möller landlæknir á fundinum. Fram kom að búið væri að rekja smitið. Jafnframt að ekki sé vitað til að smit hafi borist í sjúklinga.

Afhálfu Landlæknis og sóttvarnarlæknis kom fram að þetta væri til marks um að heilbrigðisstarfsfólk þyrfti að fara varlega. Búið var að setja upp skilveg á deildinni. „Að svo stöddu verða fjögur rúm opin áfram. Það er ljóst að þetta mun hafa áhrif á starfsemi deildarinnar,“ sagði Alma á fundinum.

Íslensk erfðagreining hafði fyrir helgi boðið heilbrigðisfyrirvöldum aðstoð fyrirtækisins við skimun fyrir veirunni. Persónuvernd og Vísindasíðanefnd grennsluðust fyrir um hvort sú aðstoð fyrirtækisins væri leyfis skyld. Í kjölfarið dró Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, boð fyrirtækisins til baka og sagði að ekki stæði til að óska leyfis fyrir aðkomunni.

Um hádegisbil í gær sendu svo Persónuvernd og Vísindasíðanefnd frá sér tilkynningu, þar sem því var lýst að við nánari athugun væri aðkoma Íslenskrar erfðagreiningar ekki leyfis skyld. Kári Stefánsson lýsti því svo yfir í kjölfarið að boð fyrirtækisins stæði. Gert er ráð fyrir að skimun á þess vegum hefjist um miðja viku. Hún verður undir stjórn



Greint var frá smiti á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi á reglulegum blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sóttvarnalæknis.

Í fréttatíma RÚV í gærkvöld sagði Guðni Th. Jóhannesson forseti að brýnt væri fyrir landsmenn að láta óttann ekki ná tökum á sér.

„Ég vil fyrst og fremst ítreka það sem ég hef áður sagt, að við fylgjumst vel með leiðbeiningum og til mælum landlæknis og framvarðar-sveitar okkar í þessum málum,“ sagði hann. „Við hér getum staðið saman þegar á reynir. Það er svo

Það er svo margt sem við eigum að rifast um, eigum að deila um, eigum að karpa um í dagsins önn, en stundum koma þær aðstæður að við hefjum okkur yfir það.

Guðni Th. Jóhannesson

margt sem við eigum að rifast um, eigum að deila um, eigum að karpa um í dagsins önn, en stundum koma þær aðstæður að við hefjum okkur yfir það,“ sagði Guðni.

Þá hefur sóttvarnarhúsið við Rauðarárstíg verið tekið í notkun. Um er að ræða tvo erlenda ríkisborgara sem sýnt hafa einkenni og var annar settur í sóttkví og hinn í einangrun.

jon@frettabladid.is

ALVÖRU LÚXUSJEPPI MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

STAÐALBÚNAÐUR M.A.:

- Leðurklætt aðgerðastýri
- Rafdrifin opnun á afturhlera
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Bi-Xenon LED framljós með þvottakerfi
- 3.0 V6 250 hö. dísel, 8 gíra sjálfskipting
- 570 Nm tog
- Hátt og lágt drif
- Læsing í afturdrifi
- Hlífðarplötur undir vél, kössum og skiptingu
- Loftpúðafjöðrun
- Fjarlægðaskynjarar að framan og aftan
- Blindhornsvörn

LISTAVERÐ FRÁ: 11.490.000 KR.

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

jeep.is





Upphaf nýrra **drauma!**

Stillanlegir heilsudagar.
20% afsláttur af öllum stillanlegum heilsurúmum.



Ergomotion

Góður nætur svefn er lykillinn að góðum morgundegi.

Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.

Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá pokagormum yfir í náttúrulegar latexdýnur eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

20%
af öllum stillanlegum heilsurúmum

Tilboðsverð frá
307.608 kr.

Hjónarúm 2x90x200 cm

Fullt verð frá 384.510 kr





Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn.

Munu rannsaka ódæðisverkin

HOLLAND Dómarar við Alþjóðlega sakamáladómstólinn í Haag í Hollandi heimiluðu í síðustu viku saksóknurum að hefja rannsókn sem beinist að talibönum, afgönsku herliði og bandarísku her- og leyniþjónustufólki, vegna stríðsglæpa og glæpa gegn mannkyni.

Þar með hefur fyrri úrskurði dómstólsins frá því í apríl á síðasta ári verið snúið við og því verður Fatou Bensouda, saksóknara við dómstóllinn, heimilað að hefja ítarlega rannsókn á meintum glæpum í Afganistan. Bensouda hefur óskað eftir því í þrjú ár að hefja slíka rannsókn en alltaf verið synjað.

» Stjórnvöld í Afganistan hafa mótmælt rannsókninni og sett á laggirnar eigið rannsóknarteymi.

Dómstóllinn er milliríkjastofnun innan Sameinuðu þjóðanna. Hann hefur lögsögu í málum einstaklinga sem grunaðir eru um alvarlega glæpi í alþjóðlegu tilliti og er óháður samþykki viðkomandi ríkja.

Dómarar við dómstóllinn viðurkenndu í fyrra að glæpir hefðu verið framdir í Afganistan, en töldu sakfellingu ólíklega. Mannréttindasamtök víða um heim mótmæltu afstöðunni harðlega. Hún væri hvatning til þeirra ríkja sem neituðu að viðurkenna og vinna með dómstólum.

Bensouda saksóknari segir að upplýsingar séu um pyntingar og önnur ódæðisverk meðlima bandarískra her- og leyniþjónustustofnana í átökum í Afganistan, aðallega á árunum 2003 til 2004. Hún segir einnig að talibánar og aðrir vígahópar, sem og afganskar öryggissveitir, séu grunuð um pyntingar og morð, sem falli undir lögsögu dómstólsins.

Stjórnvöld í Afganistan, sem eiga aðild að dómstólum, hafa mótmælt rannsókninni og hafa sett á laggirnar eigin rannsóknarteymi. Dómstóllinn lætur einungis til sín taka mál sem viðkomandi ríkja eru ófar um, eða ófús til að ákæra.

Bandarísk stjórnvöld viðurkenna ekki lögsögu dómstólsins yfir bandarískum ríkisborgurum og neita að vinna með honum. – ds



Á skjánum í stað eigin persónu.

Frans páfi bað bara í beinni

COVID-19 Frans páfi flutti sunnudagsbænir sínar í gær á sjónvarps-skjá en ekki í eigin persónu á Péturstorgi í Vatikaninu, eins og hefð er fyrir. Hann birtist áheyrendum sínum þannig vegna kórónaveirunnar.

Frans páfi sem er 83 ára gamall dró sig í hlé í síðustu viku vegna kvefeinkenna og hóstakasta meðan á bænahaldi stóð. Hann hefur tilkynnt að hann sækir ekki viðburði heldur ætli að halda sig heima við og ná heilsu. Samkomuhald liggur að mestu niðri á Ítalíu. – ds

16 milljónir í sóttkví á Norður-Ítalíu



Ítölsk stjórnvöld hafa gripið til stórtækra ráðstafana á Norður-Ítalíu til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar. Allt að 16 milljónir, um fjórðungur allra Ítala, hafa verið settar í sóttkví og mjög strangt ferðabann. Lokunin gildir til 3. apríl og kveður á um nær algjört ferðabann til og frá tilgreindum svæðum. Um alla Ítalíu hefur skólum, söfnum og samkomuhúsum einnig verið lokað. Myndin er frá Markúsartorginu í Fenejum. MYND/GETTY

Óttast um afdrif Selsins eftir niðurskurð á fjárframlögum

Starfsemi Selsins, félagsmiðstöðvar á Seltjarnarnesi, er nú í uppnámi eftir niðurskurð í starfsmannahaldi og hefur starfið þegar dregist saman. Fyrirverandi forstöðumaður segir stöðina flaggskip í sveitarfélaginu sem skipti lykilmáli í forvörnum ungmenna á Nesinu. Auk þess er rekin þar starfsemi fyrir eldri borgara.

SELTJARNARNES Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Selsins er í uppnámi eftir að fjármunir til starfseminnar voru óvænt skornir niður í janúar. Selið hefur verið einn helsti miðpunktur æskulýðsstarfs og flaggskip forvarna í bæjarfélaginu. Að auki er þar starfsemi fyrir eldri borgara.

A miðvikudag var foreldrum tilkynnt að bæði forstöðumaður og æskulýðsfulltrúi hefðu sagt upp störfum. Ekki mátti endurráða í stöðu forstöðumannsins, Guðmundar Ara Sigurjónssonar, og æskulýðsfulltrúinn og fleiri starfsmenn sögðu upp störfum vegna niðurskurðarinnar.

Er nú Selið aðeins opið tvö kvöld í viku í stað fimm áður. Mörgum foreldrum og íbúum er mikið niðri fyrir vegna stöðunnar og óttast að starfseminni og því forvarnarstarfi sem þar hefur verið unnið, sé stefnt í hættu.

Nýlega var gerð rekstrarúttekt á sveitarfélaginu vegna tapreksturs og er nú verið að vinna að hagræðingu í rekstrinum. Voru rekstrar-gjöld Selsins 43 milljónir á árinu 2018. Niðurskurðurinn í Selinu var tilkynntur eftir að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 lá fyrir.

Guðmundur Ari, sem er jafnframt oddviti Samfylkingarinnar á Seltjarnarnesi, hefur mótmælt niðurskurðinum harðlega í bæjarstjórn og hvetur til þess að ákvörðuninni verði snúið við.

„Selið er visst flaggskip í sveitarfélaginu og íbúar eru nú að taka höndum saman til að mótmæla þessu,“ segir Guðmundur. Meðal annars hefur verið stofnaður hópur á samfélagsmiðlum til að ræða stöðuna sem upp er komin.



Guðmundur Ari hætti í Selinu í janúar. Þar er nú aðeins opið tvö kvöld í viku í stað fimm. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég geri athugasemd við að bæjarstjóri hafi tekið þessa ákvörðun einn síns liðs. Þetta var ekki rétt í fagnefnd, bæjarráði eða bæjarstjórn. Mér finnst það mjög alvarlegt þegar nýbúið er að gera fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir óbreyttri starfsemi. Það er ekki eins og Selið sé stór, fjárhagslegur baggi á sveitarfélaginu,“ segir Guðmundur. Hefur hann nú kallað eftir svörum við því í bæjarráði hvernig mönnun verði háttáð.

Einna alvarlegast í málinu, að mati Guðmundar, eru áhrifin á

●● Selið er visst flaggskip í sveitarfélaginu og íbúar eru nú að taka höndum saman til að mótmæla þessu.

Guðmundur Ari Sigurjónsson

forvarnastarfið. „Við Seltirningar vorum Íslandsmeistarar í drykkju árið 1997. Síðan þá hefur verið sett átak í gang sem hefur ríkt mjög viðtæk sátt um meðal bæjarbúa,“ segir hann. Sé aðeins lítið í budduna þá skili þessi niðurskurður engu, því að forvarnir spari til lengri tíma og minnki útgjöld vegna annarra úrræða í framtíðinni, ef unglingar lenda út af sporinu.

Ekki náðist í Ásgerði Halldórsdóttur, bæjarstjóra Seltjarnarness, við vinnslu þessarar fréttar.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Way of Life!

SWIFT!

HANNAÐUR FYRIR ÞÍNAR ÞARFIR



VERÐ FRÁ KR.
2.480.000

4X4

SUZUKI SWIFT
ER EINNIG
FÁANLEGUR
FJÓRHJÓLADRIFINN

Suzuki Swift er löngu búinn að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður. Frábærir akstursegirleikar, afl, sparneytni og glæsileiki gerir Suzuki Swift ómótstæðilegan.

Komdu í heimsókn og prófaðu margverðlaunaðann Suzuki Swift.

Suzuki Swift Mild Hybrid útgáfa er spennandi valkostur.

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Glerárgötu 36. **Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9. **Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

Vestmannaeyjar: Bílaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20.



Suzuki á Íslandi



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Fátæktin



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Fréttaþátturinn Kveikur skýrði frá því í liðinni viku að á bilinu átján til þrjátíu og fimm þúsund manns byggju við fátækt hér á landi, eða fimm til tíu prósent landsmanna, þar af allt að tíu þúsund börn undir sextán ára aldri. Það eru ótrúlegar tölur í landi allsnægt.

Jafnframt kom fram að um sjö til tíu þúsund úr þessum hópi væru í mikilli neyð og byggju við sára fátækt. Stærstur hluti þeirra væru einstæðir foreldrar, öryrkjar og innflytjendur.

Það eru grimmið örlög að búa við fátækt og fátæktin er eyðandi og sundrandi. En það sem vakti hvað mesta athygli í nefndum þætti var hve tengslin milli fátækta foreldra og fátækta barna þeirra síðar, þegar þau vaxa úr grasi, eru sterk. Það er ógnvænlegt og bendir eindregið til þess að börn fátækra hafi ekki sömu möguleika á að mennta sig. Enda sýna rannsóknir að börn sem alast upp við fátækt fara fyrr á vinnumarkað í stað þess að mennta sig. Oft eru þá í boði störf þar sem ekki er krafist sérþekkingar og þau eru þá jafnan verr launuð.

Hin félagslega hlíð málsins er ekki síður athyglisverð því börnum sem búa við fátækt hættir til að einangra sig, sem gerir vanda þeirra enn snúnari og flóknari að leysa.

Enginn velur sér fátækt að hlutskipti. Ýmsir þættir geta komið fólki í þá stöðu, veikindi, líkamleg eða andleg, slysn og svo má áfram telja. Að ógleymdu því að fátækt virðist erfast og hneppa kynslóðir í gildru sína.

Auk fjölmargra síðferðilegra raka liggja þjóðhagsleg rök að baki því að vinna eigi bug á fátækt, þó henni verði sennilega aldrei útrýmt með öllu.

Híð opinbera leggur gríðarlegar fjárhæðir í menntakerfið árlega. Sveitarfélögin á leik- og grunnskólastigi og ríkið á framhalds- og háskólastigi. Þetta er vegna þess að við höfum komist að því að það er þjóðhagslega hagkvæmt að fólki mennta sig og auki þannig færni sína til að vinna verðmæt störf í samfélaginu.

Ef það er rétt að allt að tíu þúsund börn búi við fátækt hér á landi og hafi minni möguleika á að sækja sér menntun, blasir tjón samfélagsins við.

Þekkt er að fólk sem býr við fátækt, neitar sér um það sem öðrum þykir sjálfsgöð þjónusta á borð við lækniþjónustu. Það þarf ekki að hugleidda það lengi að það mun skila sér síðar í lakara heilsufari og umfangsmeiri inngripum síðar þegar árin færast yfir.

Ísland er land allsnægt af náttúrunnar hendi. Hér njótum við endurnýjanlegrar orku úr fallvötnum og jörðu og innan landhelginnar eru ein gjöfulustu fiski-mið heims og afurðir dregnar úr sjónum við landið eru eftirsótt munaðarvara í fjölda landa. Heilbrigðisþjónusta er á meðal þeirrar bestu sem þekktist.

Ísland er sannarlega í hópi auðugustu ríkja heims. Í ljósi þess er ótrúlegt að fátækt skuli vera jafnútbreidd og þessar tölur gefa til kynna. Auðvitað má alltaf deila um við hvað skuli miðað, en engu að síður er fátæktin alvarlegt samfélagsmeið sem vinna þarf gegn með tiltækum ráðum. Aðhafast þarf í þessum efnum, orð duga ekki.



Í ljósi þess er ótrúlegt að fátækt skuli vera jafnútbreidd og þessar tölur gefa til kynna.



BERRY ALLOC
Harðparket
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

ALFABORG

- allt á gólfid -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Halldór



Frá degi til dags

Fordómalaust

Ekki verður með nokkru móti séð að aldursfordómur séu til staðar í Bandaríkjunum ef marka má aldur frambjóðenda Demókrata til forsetaframbóðs. Þeir sem uppi standa þegar allir aðrir eru hættir eru hátt á áttæðisaldri. Annar 77 ára og hinn 78 ára. Þeir eru um það bil tíu árum eldri en almennt er miðað við að menn hætti þátttöku á vinnumarkaði hér heima. Þetta er til fyrirmyndar hjá Demókrötum. Sítyrjandi forseti er heldur ekki neitt unglamb. Trump verður 74 ára þegar kosningar fara fram vestur þar. Er þetta ekki okkur einhvers konar umhugsunarfni?

Má nú sem ekki mátti

Sérkennilegur hringlandi varð um helgina eftir að Kári Stefánsson ákvað að bjóða fram aðstoð Íslenskrar erfðagreiningar við veiruvörnir. Vísindasiðanefnd og persónuvernd töldu þá að þetta þyrfti nú að skoða sérstaklega og ef þetta teldist vísindarannsókn yrði að fá leyfi fyrir henni. Kári var ekki hringinn af því og flautaði aðstoðina af. Í gærmorgun föttuðu svo nefndirnar að ekki þyrfti leyfi og þetta væri allt í lagi. Hvað gerðist í millitíðinni er óljóst nema ef vera skyldi að sólin skein í gær og kannski hefur það hjálpað nefndunum að sjá til lands.

Aukin tengsl við börn



Salvör Nordal
umboðsmaður barna

Í dag hefst heimsókn embættis umboðsmanns barna til Fljótshálsa, en allir starfsmenn embættisins munu dvelja þar þessa viku. Heimsóknin er liður í að efla tengsl embættisins við sveitarfélög á landsbyggðinni, kynna starfsemi embættisins, hitta þá sem vinna að málefnum barna og heimsækja skóla. Þó starfsaðstaða embættisins verði á Egilsstöðum munu starfsmenn embættisins einnig leggja leið sína til Seyðisfjarðar, Djúpavogs og Borgarfjarðar eystri.

Umboðsmaður barna hefur það hlutverk að efla þátttöku barna í samfélaginu og vinna að því að tekið sé fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna þeirra á öllum sviðum. Með heimsókninni mun umboðsmaður barna efla tengsl embættisins við börn á landsbyggðinni og hitta meðal annars fulltrúa úr ungmenningaráði Fljótshálsa.

Umboðsmaður barna hefur á síðustu tíu árum starfrækt ráðgjafarhóp ungmenna á aldrinum 12-17 ára við embættið og með breytingum á lögum um umboðsmann barna í árslok 2018 var starfsemi ráðgjafarhópsins lögfest. Rík áhersla hefur verið lögð á að auka fjölbreytni innan hópsins og fjölga börnum af landsbyggðinni. Vonir standa til að auka hlut barna í öllum landsfjórðungum á næstu árum.

Á fyrsta barnþingi umboðsmanns barna í nóvember var lögð áhersla á þátttöku barna af öllu landinu, en börnin voru valin með slembivali úr þjóðskrá. Það sama verður uppi á teningnum við skipulag næsta barnþings í nóvember 2021. Ætlunin er að styrkja enn frekar það hlutverk embættisins að vera talsmaður barna af öllu landinu og tryggja að sjónarmið þeirra skili sér í stefnumótun stjórnvalda og ákvarðanatöku.

Heimsóknin til Egilsstaða er skipulögð í góðri samvinnu við forsvarsmenn Fljótshálsa og hefur skipulagt veglega dagskrá fyrir starfsmenn embættisins þessa viku. Tengslin munu því vafalaust styrkjast og verður gaman að kynna þvi öflugan starfi sem þarna er unnið í þágu barna, hitta börn á öllum aldri og fulltrúa úr ungmenningaráði sveitarfélagsins.



Standa meðal annars vonir til að auka hlut barna í öllum landsfjórðungum á næstu árum.

Félagsleg áhrif veirunnar

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Sem krakka fannst mér alltaf smá undarlegt þegar fullorðin fólk sagði „Guð blessi þig“ þegar maður hnerraði. Ég á enn þá í dálitlum vandræðum með þetta ofurdramatíska tilsvær. Maður segir þetta yfirlétt samt, af vana. Um daginn lét sonur minn hina augljósu spurninguna falla að loknum litlum hnerra. „Af hverju þarf Guð að blessa mann?“

„Jú, sjáðu til sonur,“ sagði ég — ætíð feginn öllum tækifærum sem mér áskotnast til að fræða yngri kynslóðir — „Einu sinni geisaði stórhættuleg pest á Íslandi sem hét Svarti dauði. Meðan á pestinni stóð gat hnerri verið til vitnis um að fólk væri orðið veikt. Þá dugaði ekkert minna en að Guð blessaði mann.“

Hin félagslegu áhrif Svarta dauða urðu þá sem sagt þessi og hafa varað í hundruð ára: Við segjum Guð blessi þig þegar fólk hnerrar.

Áhugaverðar hliðar

Nú blasir við spurningin varðandi Covid-19 faraldurinn. Hver verða áhrif hans? Verða síðir okkar öðruvísi? Auðvitað er of snemmt um slíkt að spá — og kannski verða áhrifin engin — en það má alltaf velta hlutunum fyrir sér. Mér virðist veiran þegar hafa afhjúpað áhugaverðar hliðar á samfélaginu.

Visst langlundargeð þjóðar á norðurljósi afhjúpast nú enn eina ferðina. Snælduvitlaust veður og fjórar hefðbundnar flensuveirur hafa gert þennan vetur að einu samfelldu harðræði. Um síðustu helgi hóstaði ég svo mikið að ég fékk þursabit. Langt fram eftir viku var ég ófær um að klæða mig í sokka án þess að falla með stunum. Þetta er

Ísland í dag. Allir í ruglinu, en langlundargeðið er aðdáunarvert og öll búum við okkur nú undir enn eitt bölið. Kórónakvíkandið verður hér fram á sumar, ef að líkum lætur. En svo má þetta fara að klárast.

Mikið lifandis skelfing er maður líka þakklátur fyrir allt fumleysið og fagmennskuna sem einkennir fólk á neyðarvaktinni. Íslenska almannavarnarteymið er svo mikið með hlutina á hreinu að maður er farinn að sækja í að hlusta á blaðamannafundina bara til að róa sig niður. Einhvern veginn nær þetta fólk að láta hluti eins og samkomubann hljóma mjög eðlilega. Gæti verið verra, hugsar maður. Allir heima hjá sér að dytta að. Kannski verða það stærstu félagslegu áhrif veirunnar? Endurskipulagðir bílskúrar. Hreinir fataskápar. Vor viðhaldsverkefna.

Annað sem gæti gagnast fólki til endurmats á félagslegum háttum eru skýr fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda um það hvernig beri að heilsast. Ég hef alltaf átt í vandræðum með það, eins og svo margir, og aldrei vitað hvort eigi að faðma eða kyssa. Íslendingar hafa aldrei klárað þessa umræðu. Oft hefur óöryggi mitt leitt til yfirþyrmandi vandræðagangs þar sem tilburðir til faðmlaga hafa endað með álappalegum handaböndum og kossar sem áttu að fara á kinn, hafa endað einhvern veginn á hnakka á gamalli frænku. Á þessum viðsjárverðu tímum eru þessir síðir þó alla vega meira á hreinu en nokkurn tímann áður. Kannski verða þetta félagslegu áhrifin til frambúðar? Engin faðmlög. Engir kossar. Engin handabönd. Ekkert knús. Bara tveggja metra fjarlægð frá næsta manni og ekkert vesen.

Ég er að fila það.

Hlíðarskjöldur

Þónokkrir hafa velt fyrir sér efnahagslegum áhrifum veirunnar. Þau gætu orðið ískyggileg. Einhverjir munu þó græða. Sprittframleiðendur hafa ekki undan. Fregnir berast af svartamarkaðsbraski með handspritt. Ný tegund glæpona er í uppsiglingu. Kaupþækifæri eru líka



að skapast í Icelandair. Mig hefur lengi grunað að þannig verði menn ríkir á Íslandi. Með því að kaupa í Icelandair í hvert einasta skipti sem það fer tæknilega á hausinn og hlutabréfin hrynja, sem er á um það bil níu ára fresti. Uppgangur í vefverslun gæti líka orðið langvarandi og eins gæti veiran leitt til þess að vinnumarkaðurinn verði loksins sveigjanlegri og vinnuveitendur sjái að það er allt í lagi að fólk vinni meira heiman frá sér. Kannski eykst framleiðni?

Af félagslegum sjónarhóli finnst mér birtingarmynd veiruáhrifanna vera einna áhrifamest þegar kemur að tilgangi allra þessara aðgerða. Aðgerðirnar snúast í grunninn um



Kannski verða þetta félagslegu áhrifin til frambúðar? Engin faðmlög. Engir kossar. Engin handabönd. Ekkert knús. Bara tveggja metra fjarlægð frá næsta manni og ekkert vesen.

Ég er að fila það.

það að bregða hlífðarskildi yfir þá samborgara okkar sem standa verst heilsufarslega. Sóttkviarnar og allt þetta tilstand snýst ekki svo mikið um okkur sem erum frísk, heldur hina. Að sjá hvernig þessi þjóð er fær um að taka höndum saman til þess að vernda þá sem standa illa og reyna eftir fremsta megni að hlífa þeim við veirunni, það finnst mér áhrifamikil að sjá.

EKKI nær þó kærleikurinn alla leið. Það er óneitanlega sýrrealískt að á sama tíma og fólk virðist staðráðið í að passa upp á hvert annað, er kaldrifjæða djúpríkið í óðaönn að fylla vél af flóttafjölskyldum í neyð til þess að fljúga þeim rakleidis í eyndina. Aldrei skal það breytast.



Siðlaus stjórnsýsla



Ólafur Ólafsson læknir

Allflestum ber saman um að misskiptingu á kjörum almennings beri að rekja til gjafakvótakerfisins í sjávarútvegi og bankahrans.

Ríkið úthlutar veiðiheimum og er þar með yfirstjórnandi (skömmtunarstjórnandi) mikilla verðmæta. Miklar deilur rísa meðal manna um þetta kerfi. Alþingismenn náðu þó að lögbinda fyrstu grein laga um stjórn fiskveiða, að fiskistofnarnir eru eign þjóðarinnar. Þar með er

tryggt að tímabundin notkun á kvóta hefur ekki unnið sér sess sem fullgildur eignarhluti. Kvótakerfið gat aðeins staðið skamma hríð. Stjórnkerfi sem byggist af hreinum stjórnmalalegum orsökum á gríðarlegum verðmætum og hefur verið leyft að eitra út frá sér er fjarstæða. Því eins og tekið er fram eru fiskistofnarnir eign þjóðarinnar.

Dr. Stefán Ólafsson prófessor hefur rannsakað tekjudreifingu á Íslandi. Ríkustu prósentin (hjó) hafa að jafnaði 18,2 milljónir á mánuði. Um er að ræða 617 fjölskyldur. Á meðan níutíu prósent almennings, sem voru talin hafa 78 prósent af heildartekjum árið 1993, hafa nú um 60% af heildartekjum. Endurteknar þjóðaratkvæðagreiðslur hafa hafnað gjafakvótakerfinu. Alþingi verður að afgreiða málið hið bráðasta.

Tækni færi



SIEMENS

Pvottavél, iQ300

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi: Kraftþvottur 60 mín., útifatnaður, mjög stutt kerfi (15 mín.), ull o.fl.

Tækifærisverð: WM 14N207DN
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



BOSCH
Ryksuga

Lítill og nett en öflug. Snúra: 8 m. Hljóð: 80 dB.

Tækifærisverð: BZGL 2X100
14.900 kr.
Fullt verð: 19.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Loksins sást glitta í brosi hjá Martial

Anthony Martial skoraði fyrra mark Manchester United í nágrannaslagnum í gær. Það þýðir að Liverpool getur orðið meistari án þess að spila og gæti lyft bikarum á Goodison Park. Martial hefur ekki beint verið þekktur fyrir gleði sína innan vallar en það var létt yfir Frakkanum í gær.

FÓTBOLTI Þeir voru undrandi sérfræðingarnir í Vellinum, uppgjörsþætti Símans um enska boltann, þegar talað var um Anthony Martial. Eiður Smári Guðjohnsen benti á að það hefði verið kveikt á perunni og það hefði jafnvel sést í brosi. Arnar Gunnlaugsson tók undir. Það geta allir verið sammála um að Anthony Martial er frábær í fótbolta og þegar það er kveikt á perunni standast honum fáir snúning. Og það skein svo sannarlega skært, ljósið af kappanum, nánast frá upphafsflauti í nágrannaslagnum. Hann var virkur í spilinum, hreyfanlegur og stöðug ógn. Eftir um hálf tíma leik skoraði hann fallett mark eftir magnaða aukaspurnu frá Bruno Fernandes. Þó City hafi verið meira með boltann skapaði liðið sér fá færi og framlína þess virkaði frekar bitlaus. Scott McTominay tryggði sigurinn með marki á síðustu sekúndunni eftir mistök frá Ederson í rammanum hjá City.

City er þó áfram í öðru sæti, en þessi úrslit þýða að Liverpool þarf aðeins tvo sigra til að landa Englandsmeistarititlinum í fyrsta sinn í 30 ár. Liverpool spilar næst gegn Everton eftir slétta viku en í millitíðinni spilar City gegn Arsenal á miðvikudag og svo Burnley á laugardag. Fari svo að þeir hendi inn hvíta handklæðinu og gefist hreinlega upp, getur Liverpool fagnað titlinum án þess að spila. Lallað inn á Goodison Park sem meistarar. Það yrði saga til næsta bæjar.

Anthony Martial er fæddur fimmta desember árið 1995 og á tvo eldri bræður sem eru einnig að spara í bolta. Elsti bróðirinn er varnarjafli en sá í miðjunni er miðjumaður. Foreldrar hans, Joran og Audrey, gáfu engan afslátt af náminu eða trúnni, en Martial er kaþólikki og fer reglulega með bænir fyrir hvern leik. Þegar hann var sex ára gekk hann í raðir CO Les Ulis akademíunnar þar sem Thierry Henry og Patrice Evra stigu sín fyrstu skref. Foreldrar Henry og Martial eru einmitt finir vinir og litur Martial mjög upp til Henry. Þegar hann var 12 ára fór hann að skoða aðstæður hjá Manchester City, en ákvað að vera áfram í Frakklandi. Njósningar Lyon komu auga á guttann og fengu hann til liðsins þegar hann var 14 ára. Árið 2012 kynnti hann sig inn á alþjóðasviðið þegar EM U-17 ára fór fram í Slóveníu. Þar sást að hann var einn efnilegasti leikmaður mótsins.

Í desember það ár kom hann inn á, í sínum fyrsta leik fyrir Lyon í Evrópu deildarleik gegn Hapoel Ironi Kíryat Shmona og fyrsti leikur hans með aðalliðinu var í febrúar 2013. Monaco kom kallandi og keypti óharðnaðan unglínginn það sumar á fimm milljónir evra. Í nóvember spilaði hann sinn fyrsta leik fyrir félagið þegar hann kom inn á fyrir Radamel Falcao. Hann kom aðeins

11

mörk hefur Martial skorað á tímabilinu. Hann skoraði einnig 11 mörk á sínu fyrsta tímabili.

45

mörk hefur Martial skorað í búningi Manchester United og gefið 20 stoðsendingar.

við sögu í sigurmarki Monaco með smáspretti. Annað tímabilið sitt endaði hann með níu mörk í 36 leikjum og skoraði sitt fyrsta mark í Meistaradeildinni um verslunarmannahelgina 2015. Jafnaldrar hans á Íslandi hafa væntanlega verið að gera eitthvað allt annað.

Það vissu fáir hvað var í gangi þegar þær fréttir fóru að berast að Manchester United ætlaði að gera hann að dýrasta unglíngi allra tíma en þá fór fótbolti.net að flytja fréttir af fyrirhuguðum kaupum. Fréttaleitin á þeirri síðu sýnir að miðillinn hafði aðeins einu sinni skrifað um hann. Wayne Rooney, sem þá var fyrirliði liðsins, hafði ekki hugmynd um hver þessi gutti var. Louis van Gaal, sem stýrði félaginu, sagði að það hefði verið búið að fylgjast með honum í langan tíma. Arsene Wenger, sem hafði þokkalegustu tengingar til Frakklands og sérstaklega til Mónakó, viðurkendi að hann hefði ekki haft hugmynd um að guttinn væri til sölu.

Og ferillinn gæti ekki hafa byrjað betur því Martial skoraði í fyrsta leik sínum gegn Liverpool. Þá sáu stuðningsmenn ungan, gláðan dreng skora og fagna með tilþrifum. Síðan eru liðin fimm ár og Martial virkar oft á mjög marga eins og hann sé hreinlega í fýlu og mjög vondu skapi. Hann er allavega ekki mikill gleðipinni innan vallar. En í gær var, eins og Eiður sagði, kveikt á perunni og þá standast fáir honum snúning. Það var líka svolítið hjarta í honum og sál. Hann fagnaði markinu sínu vel og innilega og þegar myndavélin beindist að honum og Bruno Fernandes upp í stúku, var hann í alvörinni gláður og kátur og faðmaði alla sem vildu faðmlag. Þannig er hann bestur. Vonandi, fyrir liðið, verður hann eitthvað áfram í góðu skapi.

benediktboas@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

Þú átt að vera klár þegar boltinn kemur í teiggin og ég er alltaf að setja pressu á hann. Ég vil sjá meira frá honum.

Ole Gunnar Solskjær um Martial

Anthony Martial

Martial var 19 ára þegar hann var keyptur til Manchester United fyrir svimandi upphæð. Alls gætu félagaskiptin kostað félagið um 70 milljónir punda. Hann sló snemma í gegn hjá Lyon og var keyptur til Monaco. Hann var þó ekki mjög þekktur utan Frakklands og þegar hann var keyptur greindi Morgan Schneiderlin frá að Wayne Rooney hefði ekki hugmynd um hver þessi gutti væri.


Hann spilar í stöðum þar sem við erum með leikmenn eins og Alex Oxlade-Chamberlain, Alexis Sanchez og Joel Campbell.

Arsene Wenger - þáverandi stjóri Arsenal

STILL

MÁNUDAGUR 9. MARS 2020

Lífsstíll



Nýjasta lag Bergrósar, I Still Love you Tho, kom út á föstudaginn var. Það fjallar um upphaf ástarsambands hennar og kærastans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ENZYMEDICA®
Meltu betur!


Stjörnustjörf með KK

Bergrós Halla Gunnarsdóttir elskar mánudaga, kærastann, kisur og tónlist. Hún er sinn harðasti gagnrýnandi og hefur vakið athygli fyrir undurfagra söngrodd og heillandi lagasmíðar þar sem hún syngur um ástir og ástarsorg. ➔2



Bergros hefur lært söng og pianóleik en fyrsta gítarinn fékk hún á unglingsaldri, eftir að sjálfur KK gaf sig á tal við hana í hljóðfærabúð, prófaði gítarinn og gaf honum sín bestu meðmæli.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsiðu →

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Bergros Halla Gunnarsdóttir elskar mánudaga.

„Mér þykja mánudagar æði og fyllist óútskýranlegum eldmóði á mánudögum. Ég elska vinnuna mína hjá STEFi mjög, mjög mikið en þar sé ég meðal annars um skráningu nýrra laga og verka. Því finnst mér alltaf jafn gaman að mæta til vinnu á mánudögum, finna þar flóð nýrra verka og uppgötvu hvað tónlistarfólk hefur skræð inn yfir helgina,“ segir Bergros í sólskinsskapi á mánudagsmorgni. „Mér finnst líka gott að skrifa lista á mánudögum yfir það sem ég vil gera og fá út úr vikunni. Auðvitað gengur það ekkert alltaf eftir en það gefur manni ákveðna bjartsýni.“

Sex ára farin að semja

Bergros fæddist á Ísafirði og bjó þar fyrstu fjögur áviárin en fluttist þá í Kópavog.

„Alla mína tíð hefur tónlist ómað á heimili mínu og það mótaði mig mikið. Mamma mín, Elín Huld Halldórsdóttir og pabbi, Gunnar Theodór Þorsteinsson, eru bæði miklir tónlistarunnendur og kynntu mig fyrir allskonar tónlist. Bróðir minn er svo líklega ein músikalskasta manneskja sem ég þekki og mætti segja að hann hafi kennt mér allt sem ég kann. Við höfum spilað og sungið saman síðan ég man eftir mér og ég er honum óendanlega þakklát fyrir endalausa þolinmæði þegar hann kenndi mér fyrstu gripin á gítar, fyrstu hljómana á píanó og öll þau skipti sem ég bað hann um að spila eitthvað fyrir mig. Hann er hæfileikabúnt sem ég hef alltaf litið upp til og mun ávallt gera,“ segir Bergros um bróður sinn, Arnar Þór Gunnarsson.

Hún var sex ára þegar hún byrjaði að semja lög og melódiur. „Laglinur og textar flæddu frekar náttúrulega frá mér og áhuginn óx enn meir þegar ég keypti mínar fyrstu upptökugræjur, þá orðin sextán. Ég sat heilu dagana og kvöldin við að fíkta og ætli það hafi ekki verið um það leyti sem ég áttaði mig á að þetta væri eitthvað sem ég vildi gera alla mína ævi. Tónlistin hefur því alltaf kraumað í mér og ég er þakklát fyrir að hafa alist upp í umhverfi þar sem ást mín á tónlist fékk fullt frelsi til að blómstra,“ segir Bergros.

KK gúteraði gítarinn

Tónelska Bergros var líka sex ára þegar hún fór að glamra á píanó. „Þá fengum við virkilega fallett píanó inn á heimilið en það var ekki fyrr en ég varð 22 ára að ég fór í FÍH til að læra söng og tók píanó sem aukahljóðfæri. Eftir grunnpróf í söng hélt ég áfram söngnámi við MÍT, sem er framhald af FÍH, og var þar í eitt gríðarlega lærðomsríkt ár, en neyddist þá til að setja skólann í pásu þegar ég fékk vinnu hjá STEFi og var auk þess í milljón verkefnum. Tónlistin var farin svolítið á flug og ég vildi frekar einbeita mér að vinnunni og tónlistinni,“ upplýsir Bergros sem hrósar happi að vinna hjá STEFi þar sem allt snýst á einn eða annan hátt um tónlist.

Fyrsta gítarinn fék hún fjórtán ára.

„Það er gaman að segja frá því að þar sem ég sat í búðinni og prófaði gítarinn gekk sjálfur KK upp að mér og spurði hvort hann mætti aðeins grípa í hljóðfærið. Ég varð strax stjórnustjóri enda hef ég alltaf haldið upp á KK, en á meðan hann sat og spilaði á gítarinn spjölluðum við örlítið um lífið og tilveruna. Hann rétti mér svo gítarinn og sagði að einmitt þessi gítar væri gott val. Það þurfti ekki að segja mér það tvisvar og það hvarflaði ekki að mér að kaupa annan gítar en þann sem KK hafði settið með mér og spilað á,“ segir

Ég held að enginn sé í raun sama manneskjan í dag og hann var í gær.

Bergros og brosir að minningunni en þessi sami gítar er enn einn af hennar uppáhaldshlutum.

Persónulegt viðfangsefni

Bergros kynntist upptökustjóranum Sæmundi Hrafn Lindusyni árið 2018.

„Þegar Sæmi heyrði fyrst í mér bað hann mig um að prófa að vinna að tónlist með sér. Ég sló til og samstarfið gekk ótrúlega vel. Fyrstu vikurnar einkenndust af löngum stúdíókvöldum sem oftar en ekki entust langt fram á nótt. Við áttuðum okkur fljótt á því að við unnum hratt og vel saman og samstarfið hentaði báðum mjög vel. Við ögruðum hvort öðru en þótt stílnir okkar væru ólíkir blönduðust þeir vel saman. Eitt leiddi af öðru og í dag erum við þar sem búum saman og eigum tvær yndislegar kisor. Það eru forréttindi að deila sama áhugamáli og geta unnið saman að því sem við elskum með þeim sem við elskum,“ segir Bergros sæl.

Yrkisefni fara eftir líðan og viðfangsefni daganna.

„Ég fæ mikinn innblástur úr fyrri upplifun og eldri ástar-samböndum. Samband mitt við Sæma fyllir mig líka andagift og er nýjasta lagið mitt, I still love you tho, samið um upphaf okkar sambands. Það fjallar um brothættan tíma þegar maður óttast að gefa of stóran hluta af sér. Allt virðist svo fullkomið en undir niðri býr uggur um að dæmið muni ekki ganga upp. Á sama tíma er maður svo

ástfanginn og vill gera hvað sem er fyrir manneskjuna, en þarf þessa fullvissu um hvers virði maður er og að makinn virði mann á sama hátt,“ segir Bergros.

Hún kveðst unna frelsinu sem tónlistinni fylgir.

„Í tónlist getur maður sagt sögur sem maður vill segja hverju sinni. Tónlist er því ákaflega persónuleg fyrir mig og það gleður mig alltaf ef aðrir geta tengt við það sem ég yrki. Ég hef eins og flestir gengið í gegnum alls kyns miseríð tímabil en þar hefur tónlistin reynst vera eitt besta meðalið, hvort sem ég hef verið að skapa, semja sjálf eða hlusta á tónlist sem lætur mér líða betur ef ég er föst í einhverju hugarangri. Ég er því sátt ef mér tekst að láta einni manneskju líða betur með tónlistinni minni.“

100 prósent skotin í Sæma

Þegar Bergros og Sæmi hófu sitt samstarf í tónlist varð þeim ljóst að þau myndu líklega passa vel saman sem par.

„Fyrsta skiptið sem ég mætti til hans í stúdíóið steig ég út úr bílnum, sá hann og mín fyrsta hugsun var: „Ó, nei! Ég á sko hundrað prósent eftir að verða skotin í honum!“ Honum tókst að heilla mig strax,“ segir Bergros, ástfangin upp fyrir haus.

Hún segist gjörn á að dæma sig hart.

„Ég dæmi mig harðast af öllum en við slíkt tengja líklega margir. Þannig get ég auðveldlega dottið í nokkurra daga sjálfsvorkunn og talið mér trú um að ég geti ekki samið neitt. Yfirleitt næ ég að rífa mig upp úr því með því að skrifa texta eða semja stutta lagabúta, jafnvel þótt mér finnst þeir allir glataðir. Maður kemst nefnilega alltaf aftur á skrið en ég held að enginn sé í raun sama manneskjan í dag og í gær. Ég reyni að halda í ákveðin grunnlífi sem hafa gert mig að þeirri sem ég er,“ segir Bergros í einlægni.

Tónlistina semur hún fyrir alla sem vilja á annað borð hlusta.

„Ég fékk góða tilfinningu í hjartað um daginn þegar ég fékk skilaboð um að eitt laganna minna hefði hjálpað aðila í gegnum sambandsslit. Lagið fjallar um að komast úr erfiðu sambandi og hafa styrk til að trú á sjálfan sig og maður geti gert hvað sem er án hinnar manneskjunnar. Ég tengi tónlist sterkt við tilfinningar og vel gjarnan að hlusta á tónlist sem endurspeglar það hugarástand sem ég er í hverju sinni. Tónlist er svo góð þerapia og það að öðrum geti liðið betur við að hlusta á tónlistina mína er gulls igildi,“ segir Bergros.

Hún semur öll sín lög og texta sjálf, en stöku sinnum kemur Sæmi inn með hljóma eða pælingar varðandi laglinur.

„Tónlistin á hug minn allan en ég á mér önnur áhugamál eins og að ferðast og kynna nýjum stöðum og menningu. Ég elska líka þetta hefðbundna eins og að eiga kósíkvöld heima eftir erfiðan dag með kærastanum og kisuðum okkar.“

Frá árinu 2016 hefur Bergros verið hluti af hljómsveitinni Hinemóa.

„Það hefur mótað mig mikið sem tónlistarkonu og kennt mér mikið að vinna með slíku fagfólki sem Ásta Björg, Kristófer Nökkvi og Sindri Magnússon eru og þau tóku mér strax opnum örmum. Ég var þá ekki vön að koma fram á sviði, en með Hinemóa óx sjálfstraustið og nú finnst mér fátt skemmtilegra en að vera á sviði og flytja tónlistina mína,“ segir Bergros.

Fram undan er EP-plata sem þau Sæmi eru að leggja lokahönd á.

„Þegar hún kemur út förum við líklega beint í að vinna í næstu plötu sem við stefnum á að gefa út með haustinu. Draumurinn er að geta starfað á einn eða annan hátt við tónlist. Ég er heppin að vera í vinnu sem snýr að áhugamálinu og eins og er stefni ég aðallega á að halda áfram að hafa gaman af því að skapa tónlist og sjá hvert það tekur mig, spila hér og þar, og almennt njóta lífsins.“

Fasteignablaðið

10. TBL. MÁNUDAGUR 9. MARS 2020

FASTEIGNIR. FRETTLADID.IS


